

Til allsherjarnefndar Alþingis,
b/t Sólveigar Pétursdóttur, formanns,
Alþingi, 150 Reykjavík.

Reykjavík, 6. maí 1997

Öryrkjabandalag Íslands hefur ekki fengið frumvarp til lögræðis laga til umsagnar og fulltrúar þess komust því miður ekki á fund allsherjarnefndar þegar þeir voru boðaðir enda fyrirvari afar skammur.

Innan Öryrkjabandalagsins eru tvö félög sem sérstaklega gæta hagsmuna geðfatlaðra Geðverndarfélag Íslands og Geðhjálp. Kaflarnir um sviptingu lögræðis og nauðungarvistun í frumvarpinu koma einkum við skjólstæðinga þessara félaga.

Nú hefur Geðhjálp sent frá sér umsögn um frumvarpið til nefndarinnar og vill Öryrkjabandalagið taka undir meginatriði þeirrar umsagnar. Okkur er kunnugt um að Geðverndarfélag Íslands tekur undir þessa umsögn.

Frumvarpið er tvímælalaust til mikilla bóta miðað við núverandi skipan, sér í lagi ákvæðin um takmarkaða lögræðissviptingu og lögræðissviptingu til bráðabirgða.

Geðhjálp er hinsvegar með nokkur áhersluatriði varðandi þetta svo sem um eftirlitsnefnd með nauðungarvistunum og þvingunarmedferðum á geðdeildum og viljum við taka undir þá tillögu þeirra.

Sömuleiðis biðjum við um góða athugun á 3.tl. umsagnar Geðhjálp.

Varðandi 4. tl. umsagnar Geðhjálp viljum við ítreka að skilgreina þurfi við hvaða aðstæður eigi að beita 5. gr. og hvenær 6. gr.

Öryrkjabandalag Íslands styður tillögu Geðhjálp um að sjálfræðisaldur verði hækkaður í 18 ár svo sem aldursmark er í barnalögum.

Virðingarfyllst,
f. h. Öryrkjabandalags Íslands



Ólöf Ríkarðsdóttir
formaður



Helgi Seljan
félagsmálafulltrúi